



Til: jakob@skipulag.is
Efni: Elliðaárstöð aftur í rekstur
Upplýsingar:

Sent: 11-06-2019 10:43:10 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050042, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019050042

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdir vegna hugmynda um að setja Elliðaárstöð aftur í rekstur skuli háðar mati á umhverfisáhrifum eða ekki að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 10&/2000. Gert er ráð fyrir að nýta núverandi inntaksmannvirki, tréstaflapía/prýstivatnspípa verður endurnýjuð á núverandi stað, nýtt stöðvarhús byggt neðanjarðar við hlið gamla stöðvarhússins og 15 m nýr fráveituskurður verður gerður út í núverandi fráveituskurð. Engar framkvæmdir verða í núverandi árfarvegi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tilkynninguna og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og að framkvæmdin er á þegar röskuðu svæði, að ekki sé ástæða að framkvæmdin sem hér er kynnt fari í mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun vill sérstaklega benda á að afstaða stofnunarinnar byggir á því að ekki sé gert ráð fyrir að breyta neinu sem varðar lífríki Elliðaár frá því sem nú er. Hins vegar hefði að mati stofnunarinnar átt að skoða þann möguleika að endurheimta náttúrulegt ástand Elliðaár þar sem rekstri rafstöðvarinnar var hætt.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

